

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 45

Dags. 19.6.2013

## Skipulags- og umhverfisnefnd - 19.06.2013

---

### 45. fundur.

19. júní 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Guðrún Tryggvadóttir

Hörður Þór Benónýsson

Snæfríður Njálisdóttir

Jónsdóttur)

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(í fjarveru Þórunnar

---

### 1. Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna framhaldsframkvæmda við veg yfir Tjarnarás á Þeistareykjum

S20120101

Erindi dags 12. júní 2013 frá Árna Gunnarssyni yfirverkefnastjóra Landsvirkjunar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, með vísan í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna framhaldsframkvæmda við veg yfir Tjarnarás á Þeistareykjum. Fyrirhugað er á þessu sumri, að keyra út fyllingarefni og neðra burðarlagi í veg frá stöðvarhúsreit Þeistareykjavirkjunar (stöð 27.240) í norðri til suðurs fyrir mitt Bæjarfjall (stöð 30.500) samtals um 3,2 km. Um er að ræða framhaldsframkvæmdir sem hófust síðasta sumar og er áætluð efnisnotkun um 51.000 m<sup>3</sup> úr námu vestan Kvíhólafjalla. Framkvæmdin er í samræmi við staðfest deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar.

Fylgigögn: Tjarnarás yfirlitsmynd, teikn. Nr. Z905, dags 10.06.2013.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsóknin verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið. Gjald fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis kr. 105.178.- greiðist eða um greiðslu þess verði samið áður en leyfið verður gefið út.*

### 2. Hjarðarholt, Fnjóskadal. Umsókn um byggingarleyfi

S20130601

Erindi dags 18. júní 2013 frá Ingólfi Guðmundssyni arkitektastofunni Kollgátu á Akureyri f.h. Jóns F. Sigurðssonar Hjarðarholti í Fnjóskadal þar sem sótt er um leyfi til að byggja 291,8 m<sup>2</sup> einbýlishús í landi Hjarðaholts skv. meðfylgjandi teikningum dags 20. maí 2013 frá Kollgátu.

*Með vísan í skipulagslög nr. 123/2010 skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir, en þar sem fyrirhuguð framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjandans sjálfssamþykkir skipulags- og umhverfisnefnd þó að falla frá grenndarkynningu eins og heimild er fyrir í 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarfulltrúi mun gefa út byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn hafa borist embættinu.*

Fundi slitið